

# Fundargerð 223. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 13. ágúst 2019  
**Fundartími:** 8:30 – 10:10  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Rósa Matthíasdóttir  
Hrafnkell Guðnason varaoddviti  
Stefán Geirsson varamaður Margrétar Jónsdóttur  
Sigurður Ingi Sigurðsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri  
Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 6

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 180, dags. 10.07.2019

##### a) Stórholt, Litlaholt og Smáholt: Landbúnaðarsvæði breytt íbúabyggð:

###### Aðalskipulagsbreyting

Í framhaldi af fyrirspurnarmáli, málsnr. 1808060, Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983, Smáholt L208386 er lögð fram umsókn Helgu Vilmundardóttur, fyrir hönd Strontín ehf, dags. 01. júlí 2019, um aðalskipulagsbreytingu svæðisins. Fyrirhugaður er þjónustureitur og innan reitsins allt að 2,5 ha lóð fyrir þjónustuhús sem þjónusta á nálægar byggðir ásamt umferð frá hringvegi 1

*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki að unnin verði tillaga að aðalskipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með hliðsjón af hugmynd umsækjanda. Leita skal umsagnar hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og skipulagslýsinguna skal kynna fyrir almenningi. Skipulagsfulltrúa falið að ráða hönnuð til vinnu við skipulagslýsinguna.*

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að ráða hönnuð til þess að vinna tillögu að aðalskipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við framkomnar hugmyndir umsækjanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### b) Hrórsholt 1 land L188578: Varmalind: Breytt heiti lóðar 1907026

Lögð fram umsókn Tryggva Gestssonar, dags. 01. júlí 2019, um breytingu á heiti landeignarinnar Hrórsholt 1 land L188578 í Flóahreppi. Óskað er eftir að landið fái heitið Varmalind. Landið er í dag skráð sem nytjaland. Þó nokkur fjöldi af landeignum á þessu svæði hafa heitið Hrórsholt og viðbótarheiti. Fyrir liggur útskýring landeiganda á hvernig tillagan að nýju heiti er tilkomin.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Varmalind.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við nafnið Varmalind.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 2. Erindi frá Bárinni stéttarfélagi

Í erindi Bárunnar er skorað á sveitarfélagið að greiða félagsmönnum Bárunnar sem eru á launaskrá eingreiðslu með sama hætti og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur samið um fyrir nokkur félög í tengslum við frestun samningaviðræðna og friðarskyldu til 15. september n.k.

Þar sem kjaradeilu stéttarfélaga innan SGD, þar með talið Bárunnar, hefur verið vísað til ríkissáttasemjara er málið úr höndum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur umboð Flóahrepps til kjarasamningagerðar. Flóahreppur sér sér því ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**3. Endurskoðun aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

Lögð fram gögn frá Skipulagsfulltrúa Uppsveita og óskað umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að skýrt þarf að vera í skipulagsgögnum að á afréttinum er gert ráð fyrir fyrir sameiginlegri nýtingu afréttar með Flóahreppi og Árborg en gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn að öðru leyti.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**4. Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga**

Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga þar sem farið er fram á aukinn kennslukvóta vegna skólaársins 2019 – 2020 vegna þriggja nemenda sem eru á biðlista. Aukningin nemur 1.517.500 kr. fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum. Gerður verður viðauki vegna þessarar bókunar.

**5. Til umsagnar:**

**a) Erindi frá Umhverfisstofnun, „Stefna um meðhöndlun úrgangs“**

Lögð fram til umsagnar drög að Stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra „Í átt að hringrásarhagkerfi“

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Drög að leiðbeiningum til sveitarfélaga um gjaldskrá byggingarfulltrúaembætta**

Lagðar fram leiðbeiningar um gjaldskrár byggingarfulltrúaembætta frá starfshópi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tekið er fram að skjalið er aðeins til leiðbeiningar en sveitarstjórnnum í sjálfsvald sett hvort þau nýta sér vinnu hópsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar leiðbeiningunum til embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Flóaljós – upplýsingagjöf**

Guðmundur Daníelsson mætti til fundarins og fór yfir helstu tölur varðandi notendur og fjölda tenginga hjá Flóaljósi.

**7. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók.

**8. Fundargerðir:**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 222, dags. 09.07.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar SASS nr. 547, dags. 28.06.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**9. Efni til kynningar**

a) Frá Örnefndanefnd – Ensk nöfn á íslenskum stöðum

b) Leiðbeiningar í formi gátlista frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varðandi setningu reglna um NPA þjónustu

Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn klukkan 8:30 þriðjudaginn 10. september 2019

*Árni Eiríksson (sign)*

*Rósa Matthíasdóttir (sign)*

*Hrafnkell Guðnason (sign)*

*Stefán Geirsson (sign)*

*Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)*

*Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)*